



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 19. ágúst 2021

RMF21080003

3.1.0

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Sendandi: Menningar- og ferðamálasvið

Verklagsreglur menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs um úthlutun styrkja og samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála

Verklagsreglur þessar fjalla um styrki úr borgarsjóði sem sótt er um á sviði menningarmála. Opnað er fyrir umsóknir vegna ársins á sama tíma og aðrar styrkveitingar borgarsjóðs með sama umsóknarfrest. Um meðferð, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja og samstarfssamninga á sviði menningarmála er farið eftir Styrkjahandbók Reykjavíkurborgar, sem finna má á vef Reykjavíkurborgar.

1. Grundvöllur styrkveitinga

Menningarstefna Reykjavíkurborgar er sá grundvöllur sem styrkveitingar ráðsins byggja á en leiðarljós stefnunnar er:

- Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.*

2. Almennar styrkveitingar og samstarfssamningar

Faghópur fjallar um þá styrki sem sótt er um úr borgarsjóði á sviði menningarmála. Faghópurinn er skipaður árlega af menningar-, íþróttá- og tómstundaráði að fenginni tillögu Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Hægt að sækja um eftirfarandi styrki:

- **Verkefnastyrki** fyrir afmörkuð verkefni á sviði menningar og lista.
- **Styrki vegna starfsemi á sviði menningar og lista** án þess að styrkurinn sé bundinn

afmörkuðu verkefni.

- **Samstarfssamninga** til tveggja eða þriggja ára til hópa eða stofnana sem sannað hafa gildi sitt í reykvísku menningarlífi, hafa náð afbragðs árangri og geta með rökstuddum umsóknum sýnt fram á framkvæmdagetu og fjármögnunarleiðir til að reka áformaða liststarfsemi til lengri tíma. Gerð samstarfssamninga til fleiri ára er háð samþykki borgarráðs og með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Heimilt er að ráðstafa allt að þriðjungum af styrkjapotti ársins til nýrra eða endurnýjaðra samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára.
- **Listhópur Reykjavíkur** er valinn árlega úr hópi styrkþega, en listhópar úr öllum listgreinum geta í hefðbundinni styrkumsókn sótt um að vera útnefndur Listhópur Reykjavíkur í sérstökum athugasemdadálki neðst í umsóknareyðublaði.

3. Verklag

Umsóknir um styrki úr borgarsjóði á sviði menningarmála fara til meðferðar hjá menningar-, íþrótt- og tómstundaráði. Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs leggur fram yfirlit umsókna til kynningar á fundi ráðsins, sem vísar umsóknum áfram til meðferðar faghóps. Faghópurinn er skipaður af ráðinu, fjórir fulltrúar eru tilnefndir af Bandalagi íslenskra listamanna og einn er tilnefndur af Hönnunarmiðstöð Íslands. Jafnframt eru tilnefndir jafn margir varamenn. Skipað er í faghópinum árlega og er greitt fyrir setu í honum. Ekki er gert opinbert fyrir en að úthlutun lokinni hverjir sitja í faghópnum. Starfsmaður skrifstofu sviðsins er faghópnum til ráðgjafar og leiðbeiningar og situr fundi hópsins eftir því sem þörf krefur, og tekur jafnframt við fyrirspurnum umsækjenda.

Faghópurinn skilar tillögu að úthlutun styrkja og samstarfssamninga á sviði menningarmála til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Tillögunni fylgir rökstudd greinargerð sem kynnt er menningar-, íþrótt- og tómstundaráði af fulltrúa faghópsins og er sú greinargerð gerð opinber um leið og ákvörðun um úthlutun styrkja er birt. Að öðru leyti er úthlutun ekki rökstudd, sbr. V. kafla, 21. grein stjórnsýslulaga um hvenær veita skal rökstuðning (sjá aftast). Tillögur faghóps eru ráðgefandi og tekur menningar-, íþrótt- og tómstundaráð endanlega ákvörðun um úthlutun.

Við skipun í faghóp skal taka mið af II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi (sjá aftast). Sama gildir ef hópurinn hefur hafið störf og spurning um vanhæfi kemur upp. Jafnframt ber að gæta að jöfnum kynjahlutföllum og að skipan fulltrúa endurspegli þann fjölbreytta hóp sem starfar innan BÍL og Hönnunarmiðstöðvar.

Styrkjareglur og stefnur Reykjavíkurborgar eru lagðar til grundvallar mati á umsóknum, auk eftirfarandi þátta:

- a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- b) hvort verk- og tímaáætlun verkefnisins eða starfseminnar sé raunhæf
- c) hvort fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið hafi uppfyllt skilyrði og greinargerð hafi verið skilað
- d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi

- e) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig fylgir umsókn
- f) því hve vel þær falla að mannréttindastefnu og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár að verkefni loknu með því að fylla út sérstakt eyðublað sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is/styrkir og senda á menning@reykjavik.is.

4. Aðrir styrkir og verðlaun á vegum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs

Borgarhátíðir Reykjavíkur

Hátíðir geta sótt um á þriggja ára fresti að verða borgarhátíð Reykjavíkur með þriggja ára samstarfssamningi. Faghópur skipaður fulltrúum Reykjavíkurborgar, fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna og fulltrúum Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka verslunar og þjónustu fjallar um umsóknirnar. Um borgarhátíðir Reykjavíkur gilda sérstakar reglur.

Úrbótasjóður tónleikastaða

Á árinu 2019 var stofnaður tímabundinn Úrbótasjóður tónleikastaða í Reykjavík. Faghópur skipaður fulltrúum tónlistarlífsins og Reykjavíkurborgar fjallar um umsóknir í hann og gilda um hann sérstakar verklagsreglur.

Styrkir fyrir myndríka miðlun tengda sögu og menningu í Reykjavík

Styrkirnir eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Tilgangur styrkveitinganna er að hlúa að varðveislu menningararfleifðar Reykjavíkur og miðlunar hennar í fjölbreyttu formi. Hópur skipaður þremur sérfræðingum á menningar- og ferðamálasviði fer yfir umsóknir og gerir tillögu til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Borgarlistamaður Reykjavíkur

Árlega er útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkurborgar. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð útnefnir borgarlistamann. Um útnefningu borgarlistamanns gilda sérstakar reglur.

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar

Verðlaunin eru veitt fyrir óbirt handrit að ljóðabók. Þriggja manna dómnefnd velur verðlaunahandritið. Um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar gilda sérstakar reglur.

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

Þau eru veitt fyrir óbirt handrit að barna- eða unglingsbók. Þriggja manna dómnefnd velur verðlaunahandritið. Um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur gilda sérstakar reglur.

Úr stjórnisýslulögum frá 1993 nr. 37:

II. kafli. Sérstakt hæfi.

■ 3. gr. *Vanhæfisástæður.*

□ Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.

4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnisýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.

5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.]¹⁾

6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

□ Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

¹⁾L. 49/2002, 1. gr.

■ 4. gr. *Áhrif vanhæfis.*

□ Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

□ Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

■ 5. gr. *Málsmeðferð.*

□ Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

□ Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.

□ Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnisýslunefndar á þeim.

□ Stjórnisýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það.

Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnisýslunefndin verður ekki ályktunarhæf.

Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

■ 6. gr. *Setning staðgengils.*

□ Þegar starfsmaður víkur sæti og ekki er til staðar annar hæfur starfsmaður skal sá er veitir stöðuna setja staðgengil til þess að fara með málið sem til úrlausnar er.

V. kafli. Birting ákvörðunar, rökstuðningur o.fl.

■ **21. gr.** *Hvenær veita skal rökstuðning.*

- Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.
- Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:
 1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
 2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
 3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.
- Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.
- Úrskurðum í kærumálum skal ávallt fylgja rökstuðningur.

Virðingarfyllst

María Rut Reynisdóttir

María Rut Reynisdóttir
skrifstofustjóri menningarmála